

STARFSÁÆTLUN

FRAMKVÆMDASVIÐS 2022

**MÁLAFLOKKAR 07, 08, 09, 11, 31, 41, 42, 43, 44, 47, 48, 73, 74
OG MÁLAFLOKKAR 03, 06, 13 OG 32 AÐ HLUTA**



Mynd: Haukur Arnar Gunnarsson

Efnisyfirlit

1. LEIÐARLJÓS	2
2. HLUTVERK OG FÖST VERKEFNI:.....	3
3. HELSTU VERKEFNI OG INNRA STARF	5
4. FAGRÁÐ, NEFNDIR OG VINNUHÓPAR:.....	7
5. MEGINVERKEFNI OG ÁHERSLUATRÍÐI NÆSTA ÁRS (2022)	7
6. GREINARGERÐ UM BREYTINGAR OG NÝMÆLI	13
7. LYKILTÖLUR/MÆLIKVARÐAR	14
8.ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN.....	14

Starfsáætlun fyrir framkvæmdasvið Dalvíkurbyggðar

1. LEIÐARLJÓS

Framkvæmdasvið Dalvíkurbyggðar hefur að markmiði að veita trausta og góða þjónustu til allra íbúa Dalvíkurbyggðar innan marka laga, reglna og samþykka sveitarfélagsins. Starfsmenn sviðsins leitast við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í hvívetna.

Ætlunarverk framkvæmdasviðs er að stuðla að vellíðan og hagsæld íbúa sveitarfélagsins með því að tryggja að umhverfi og ásýnd Dalvíkurbyggðar sé framúrskarandi og að öll kerfi og innviðir séu eins og best verði á kosið hverju sinni.

Leiðarljós framkvæmdasviðs eru:

- Að reyna ávallt að koma til móts við þarfir og væntingar viðskiptavina sinna innan marka laga, reglna og samþykka sveitarstjórnar.
- Að leitast ávallt við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í því sambandi.
- Að starfsmenn sviðsins vinni saman sem samstilltur hópur að markmiðum sviðsins.
- Að unnið sé eftir þjónustustefnu sveitarfélagsins.
- Að hafa frumkvæði að stefnumótun í málaflokkum sviðsins.
- Að stuðla að því að íbúar sveitarfélagsins búi í góðu og heilnæmu umhverfi.
- Að stuðla að því að íbúar Dalvíkurbyggðar geti verið stoltir af sveitarfélaginu sínu.
- Að fylgja því eftir að fjármunum sviðsins sé varið á sem skilvirkan hátt og nýting þeirra stuðli að framþróun og háu þjónustustigi.
- Að vinna að því að upplýsingar um þjónustu og starfsemi sviðsins séu sem aðgengilegastar íbúum.

2. HLOTVERK OG FÖST VERKEFNI:


Framkvæmdasvið er nýtt svið sem kom til þegar Umhverfis- og tæknisvið og Veitu- og hafnasvið voru sameinuð í eitt árið 2021. Framkvæmdasvið samanstendur af fimm starfseiningum. Þær eru: Eigna- og framkvæmdadeild, Slökkvilið Dalvíkur, Skipulags- og tæknifulltrúi, Hafnir Dalvíkurbyggðar og Veitur Dalvíkurbyggðar. Sviðsstjóri fer með stjórnun sviðsins.

Framtíðarsýn framkvæmdasviðs er að Dalvíkurbyggð verði meðal framsæknustu sveitarfélaga landsins á sviði umhverfis og framkvæmdamála og að umhverfið og öll kerfi og innviðir í sveitarfélaginu séu eins og best verður á kosið.



Skipurit Dalvíkurbyggðar

Framkvæmdasvið



Hlutverk **Slökkviliðs Dalvíkurbyggðar** er að standa fyrir forvörnum og fræðslu á sviði brunamála og bregðast við eldsvoðum, mengunarslysum, og koma að björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og faratækjum, samkvæmt lögum nr. 75/2000. Helstu verkefni slökkviliðs Dalvíkurbyggðar er þjálfun og fræðsla liðsmanna, svo þeir séu svo vel í stakk búnir sem unnt er að bregðast við þeim verkefnum sem inn á borð slökkviliðsins koma. Slökkviliðsstjóri sinnir eftirliti, fræðslu og umsögn vegna leyfisveitinga og situr afgreiðslufundi byggingafulltrúa Dalvíkurbyggðar.

Hlutverk **skipulags- og tæknifulltrúa** er að tryggja að starfsemi og eftirlit sveitarfélagsins uppfylli skilyrði laga um mannvirki nr. 160/2012, skipulagslög nr. 123/2010, lög um velferð dýra nr. 55/2013, lög um náttúruvernd nr. 60/2013, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 auk þess að fylgja eftir samþykktum Dalvíkurbyggðar á þessu sviði. Helstu verkefni skipulags- og tæknifulltrúa eru; skipulags- og byggingarmál, umhverfismál, landbúnaðarmál og hreinlætismál.

Eigna- og framkvæmdadeild sér um rekstur Eignasjóðs og skipuleggur viðhald og endurnýjun á eignum sveitarfélagsins samkvæmt reglum um Eignasjóð. Deildin sér um að fylgja eftir og hafa eftirlit með öllum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins og hefur yfirumsjón með framkvæmd sorphirðu, hálkueyðingu og snjómoksturs. Eigna- og framkvæmdadeild annast einnig umhverfis- og náttúruverndarmál, hefur umsjón með umferðarmálum og sér um rekstur vinnuskóla Dalvíkurbyggðar. Deildin starfar eftir lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 auk þess að fylgja eftir samþykktum Dalvíkurbyggðar á þessu sviði.

Hafnasjóður Dalvíkurbyggðar á og rekur þrjár hafnir; á Hauganesi, Árskógssandi og á Dalvík. Markmið Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar er að veita eins góða þjónustu og unnt er og efla eftir föngum atvinnusköpun í sveitarfélaginu. Hafnasjóður starfar eftir lögum um hafnir nr. 61/2003 og hafnareglugerð Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar nr. 244/2021. Viðskiptavinir Hafnasjóðs eru einkum útgerðaraðilar sem reka skip, báta og ferjur, einstaklingar og félög sem leigja húsnæði af hafnasjóði, flutningaskip og aðrir flutningsaðilar en einnig eru hafnirnar orðnar sívinsælli viðkomustaður ferðamanna.

Framkvæmdasvið annast hlutverk **Vatnsveitu Dalvíkurbyggðar** sem er að sjá til þess að nægjanlegt gott vatn sé til staðar sem fullnægir þörfum íbúa og fyrirtækja sem starfa á veitusvæði Vatnsveitunnar. Til þess að tryggja að svo sé er fylgst með gæðum vatnsins, búnaði á brunnsvæðum, dælum og lagnakerfi. Á Vatnsveituna er einnig lögð sú skylda að tryggja að nægjanlegt eldvarnavatn sé ætíð til staðar á því veitusvæði sem Vatnsveitan þjónar. Vatnsveita Dalvíkurbyggðar starfar eftir vatnalögum nr. 15/1928, lögum um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001.

Framkvæmdasvið annast einnig rekstur **Hitaveitu Dalvíkur**. Hlutverk Hitaveitunnar er að sjá til þess að nægjanlegt heitt vatn sé til staðar á veitusvæði hennar sem fullnægir orkuþörfum íbúa og fyrirtækja á veitusvæði hennar í Dalvíkurbyggð. Hitaveita Dalvíkur starfar eftir orkulögum nr. 58/1967 og reglugerð fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 1090/2019.

Hlutverk **Fráveitunnar** sem einnig fellur undir Framkvæmdasvið er síðan að taka við fráveituvatni og koma því til viðtaka með þeim hætti sem löglegt er hverju sinni. Fráveita Dalvíkurbyggðar starfar samkvæmt lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr.

9/2009, reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 og samþykkt um fráveitu og rotþrær í Dalvíkurbyggð nr. 1090/2016

Viðskiptavinir framkvæmdasviðs eru:

Ytri viðskiptavinir:

- Íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Tilvonandi/áhugasamir íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Fyrirtæki utan sveitarfélagsins.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi Dalvíkurbyggðar.
- Ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Innri viðskiptavinir:

- Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar.
- Fagsvið sveitarfélagsins, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins.
- Starfsmenn Dalvíkurbyggðar.

3. HELSTU VERKEFNI OG INNRA STARF

Helstu verkefni framkvæmdasviðs eru; brunamál og almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, umhverfismál, landbúnaðarmál og Eignasjóður og fjárfestingar hans.

Sviðið sér einnig um Hafnastarfsemi í sveitarfélaginu, þ.e. þjónustu við skip og báta, útgerðaaðila, ferjur, ferðaþjónustuaðila, vöruflutningafyrirtæki og aðra þá sem um hafnirnar fara.

Veitur Dalvíkurbyggðar eru einnig á forræði framkvæmdasviðs, þ.e. rekstur vatns- hita og fráveitu, sem þjónar bæði íbúum, fyrirtækjum og gestum sveitarfélagsins.

Sviðinu er einnig falin almenn þjónusta við viðskiptavini sveitarfélagsins, innri og ytri. Ráðgjöf við önnur fagsvið og allar stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins í þeim málaflokkum sem sviðinu tilheyrir.

Starfsmenn sviðsins sjá um og undirbúa fundi umhverfisráðs, landbúnaðarráðs, veitu- og hafnaráðs og afgreiðslufundi byggingafulltrúa.

Nánar um verkefni:

- Skilagreinar vegna gerðar ársreiknings og stöðumats ársfjórðungslega.
- Skjalavistun erinda og mála sem eru til umfjöllunar og afgreiðslu hjá framkvæmdasviði.
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir málaflokka sem heyra undir sviðið.
- Undirbúningur reikningagerðar fyrir þá þjónustu sem seld er til viðskiptavina.
- Rekstur og umsjón með stýrikerfi veitna.
- Þátttaka í gerð hættumats og viðbragðsáætlana Almannaþingarinnar.
- Eldvarnareftirlit og fræðsla.
- Móttaka og yfirferð teikninga, útgáfa byggingarleyfa og eftirlit með framkvæmdum.
- Afgreiðsla, útgáfa og umsagnir ýmissa leyfa svo sem framkvæmdarleyfa, rekstrarleyfa, byggingaleyfa, búfjárleyfa, hunda- og kattaleyfa ofl.
- Útgáfa lóðarleigusamninga og gerð lóðarblaða.
- Skráning lóða og fasteigna í skráningarkerfi Þjóðskrár.
- Skipulagsvinna, endurskoðun aðalskipulags, deiliskipulagsgerð og grenndarkynningar.
- Álagning fasteignagjalda.
- Rekstur Eignasjóðs og stýring á viðhaldi og endurbótum.
- Útboð og verðkannanir fyrir hin ýmsu verkefni.
- Gatnaframkvæmdir og viðhald gatna og gönguleiða.
- Framkvæmd fjallskila
- Snjómokstur og hálkuvörnir.
- Sorphirða og rekstur gámasvæðis.
- Umsjón með hirðingu og viðhald á opnum svæðum.
- Umsjón og eftirlit með gæludýra og búfjárhaldi.
- Minka- og refaeyðing.
- Umsón og eftirlit með efnisnámmum.
- Umsjón með starfsemi vinnuskóla.
- Skipulagning og umsýsla leiksvæða.
- Skreytingar á helgi og hátíðisdögum.
- Samskipti við stofnanir ríkisins, þar má nefna: Skipulagsstofnun, Orkustofnun, Veðurstofu Íslands, Vegagerðina, Minjastofnun og Umhverfisstofnun.
- Undirbúningur funda umhverfisráðs, landbúnaðarráðs, veitu- og hafnaráðs og afgreiðslufunda byggingafulltrúa.

4. FAGRÁÐ, NEFNDIR OG VINNUHÓPAR:

- Umhverfisaráð (skipulags- og tæknifulltrúi er ritari)
- Veitu- og hafnaráð (sviðsstjóri er ritari)
- Landbúnaðarráð (skipulags- og tæknifulltrúi er ritari)
- Skipulags- og tæknifulltrúi og slökkviliðsstjóri sitja afgreiðslufundi byggingafulltrúa.
- Sviðsstjóri situr í Framkvæmdastjórn
- Sviðsstjóri situr í vinnuhópi um persónuvernd.
- Sviðsstjóri situr í innkauparáði
- Sviðsstjóri situr í UT-teymi.
- Deildarstjóri EF deildar situr í friðlandsnefnd
- Deildarstjóri EF deildar situr í rýnihópi vegna endurskoðunar á mannauðsstefnu
- Deildarstjóri EF deildar situr í vinnuhópi um rekstur og viðhald farartækja, tækja og tæknibúnaðar Dalvíkurbyggðar.
- Skipulags- og tæknifulltrúi situr í vinnuhópi um gerð loftslagsstefnu fyrir sveitarfélagið.
- Skipulags- og tæknifulltrúi situr í skiltanefnd.
- Skipulags- og tæknifulltrúi situr í Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar.

5. MEGINVERKEFNI OG ÁHERSLUATRÍÐI NÆSTA ÁRS (2022)

Stefnumörkun og stjórnýsla:

- Áframhaldandi mótun nýs framkvæmdasviðs.
- Markmiðasetning fyrir framkvæmdasvið verði unnið í samvinnu starfsmanna sviðsins.
- Ytra mat og gæðastjórnun fyrir sviðið verði skoðuð í tengslum við markmiðasetningu sviðsins.
- Unnið í gera verklagsreglur og ferla skýrari, bæði fyrir starfsmenn sem og íbúa sveitarfélagsins.

Fjármál og rekstur:

- Unnið verði að því að greina hvar gætu myndast samlegðaráhrif milli mismunandi starfsstöðva framkvæmdasviðs, bæði hvað varðar búnað, húsnæði og aðföng, en líka þekkingu og reynslu starfsmanna.
- Viðhaldsáætlanir í Hannarr teknar í almenna notkun.

Upplýsingatækni og rafræn stjórnsýsla:

- Unnið að því að gera allar umsóknir og afgreiðslur sviðsins rafrænar. Markvisst verði þeirri reglu komið á að umsóknir komi inn í gegn um íbúagáttina.
- Áfram unnið að almennri notkun HMS byggingagáttarinnar við umsóknir, útgáfu og eftirliti með öllum byggingaleyfisskildum framkvæmdum.
- Kortakerfi Dalvíkurbyggðar verði eftl og gert gagnvirkara.
- Komið verði á fót heildstæðum, hnitsettum kortagrunni fyrir starfsmenn sviðsins.

Mannauður:

- Starfslýsingar og ábyrgð starfsmanna framkvæmdasviðs verði uppfærðar m.t.t. sameiningar umhverfis- og tæknisviðs og veitu- og hafnasviðs árið 2021.
- Komið verði á reglulegum fundum allra starfsmanna framkvæmdasviðs.
- Starfsmenn fái tækifæri til þess að sækja fræðslu til að geta nýtt betur þá tækni og þann búnað sem tengist störfum þeirra.

Fastir viðburðir:

- Reglulegir fundir starfsmanna sviðsins.

Útgáfur:

- Greinarbetri leiðbeiningar um sorpflokkun og ávinning þess að minnka urðun. Upplýsingar er varða sorpmagn í sveitarfélaginu verði gerðar aðgengilegar íbúum.
- Upplýsingagjöf vegna smávirkjunar í Brimnesá.
- Kynningarmál vegna endurskoðunar Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar, en stefnt er að því að skipulagstillaga verði auglýst á vordögum 2022.
- Loftslagsstefna Dalvíkurbyggðar verði kynnt íbúum á árinu 2022. Unnið verði að því að gera losunartölur opinberar og uppfæra reglulega svo íbúar geti fylgst með.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Umferðaröryggisáætlun endurskoðun í samráði við önnur svið.
- Unnið að innleiðingu Loftslagsstefnu Dalvíkurbyggðar
- Horft verði til þess að taka heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með í alla þætti í starfsemi sveitarfélagsins.
- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Fjölmennning; unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum.

Innra starf:

Slökkvilið Dalvíkur

- Reglulegar æfingar og þjálfun slökkviliðsmanna eftir óreglu á æfingum vegna heimsfaraldurs.
- Úttekt og þarfagreining vegna húsnæðis Slökkviliðs Dalvíkur.
- Undirbúningur fyrir endurnýjun slökkvibíls.
- Endurnýjun á búnaði og viðhaldsverkefni.

Skipulags- og tæknifulltrúi

- Mótun og þróun Loftslagsstefnu Dalvíkurbyggðar.
- Afgreiðslufundir byggingafulltrúa verði áfram í mótun, athuga þarf hvort ekki sé raunhæft að úttektir fari fram einungis annan hvern fund.
- Lokasprettur endurskoðunar Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar. Lokið vorið 2022.
- Komið á heildstæðum hnitsettum grunni svo hægt sé að vinna lóðablöð innanhúss.
- GNSS búnaður verði nýttur betur og tekinn til notkunar við mælingar og skipulagsgerð.
- Unnið í aukinni upplýsingagjöf til íbúa um stöðu bygginga- og skipulagsmála hverju sinni.
- Gerð úttektar yfir lengd, gerð og ástand girðinga í landi sveitarfélagsins. Unnin verði að viðhalds- og úrbótaáætlun fyrir vorið 2022.
- Áframhaldandi innleiðing notkunar á HMS gáttinni.
- Deiliskipulagsvinna fyrir bæði íbúðasvæði og iðnaðar- og athafnasvæði.

Eigna- og framkvæmdadeild

- Farið verður í átak í kynningu, upplýsingagjöf og fræðslu um sorpflokkun og mikilvægi þess að minnka sóun.
- Endurskoðun á reglum um Eignasjóð kláraðar og innleiddar fastmótaðar reglur um þjónustu Eigna- og framkvæmdadeildar.
- Klárað verði að setja upp allar eignir sveitarfélagsins í viðhaldkerfið Hannarr, en með því móti er hægt að gera nákvæmar kostnaðar- og viðhaldsáætlanir fyrir hverja stofnun fyrir sig.
- Aukin upplýsingagjöf til íbúa um stöðu verkefna og áherslur hverju sinni.

Hafnasjóður

- Unnið verður að uppfærslu og innleiðingu Loftslagsstefnu Dalvíkurbyggðar í samvinnu við allar starfsstöðvar sveitarfélagsins.
- Deiliskipulag hafnarsvæðisins á Árskógssandi.
- Fegrin hafnarsvæðisins á Hauganesi.
- Undirbúningur fyrir rafvæðingu hafnarinnar á Árskógssandi.

- Ýmis viðhaldsverkefni.

Vatnsveita

- Vatnsöflun fyrir íbúa og fyrirtæki á Árskógsströnd.

Hitaveita

- Frágangur í nýjum geymsluskála Hitaveitunnar við Sandskeið.
- Aðkoma að geymsluskála löguð.
- Annar áfangi við upptekt og viðhald á djúpdælum Hitaveitunnar.

Fráveita

- Frágangur við dælustöðvar á Árskógssandi og Hauganesi kláraður.
- Frágangur við hús og lóð dælustöðvar við Sjávarbraut.

Smávirkjun

- Unnið að skipulagsbreytingum tengdum virkjuninni og öflun framkvæmdaleyfis.
- Kynningar- og upplýsingagjöf í tengslum við framkvæmdina.
- Framkvæmdir hafnar við smávirkjun sumarið 2022.

5.1 VERKEFNI SEM BYRJAÐ VAR Á 2021 SEM MÖGULEGA HALDA ÁFRAM INN Á ÁRÍÐ 2022:

Stefnumörkun og stjórnsýsla:

- Innleiðing Loftslagsstefnu Dalvíkurbyggðar og upplýsingagjöf og fræðsla um hana til bæði starfsmanna sveitarfélagsins og allra íbúa.

Fjármál og rekstur:

- Nýtt svið í mótun og áfram unnið að því að finna hvar samlegðaráhrif hins nýja sviðs liggja, bæði í búnaði og líka þekkingu og reynslu starfsmanna.

Upplýsingatækni og rafræn stjórnsýsla:

- Unnið í að koma betri og markvissari upplýsingum og leiðbeiningum er varða framkvæmdasvið á heimasíðu Dalvíkurbyggðar
- Áfram unnið að því að gera allar umsóknir sviðsins rafrænar inni á íbúagátt og íbúar hvattir til að nota þann vettvang.
- Innleiðing á almennri notkun HMS byggingagáttarinnar við umsóknir, útgáfu og eftirliti með byggingaleyfisskildum framkvæmdum.

Mannauður:

- Starfsmenn fá tækifæri til þess að sækja fræðslu til að geta nýtt betur þá tækni og þann búnað sem tengist störfum þeirra.

Fastir viðburðir:

- Reglulegir fundir starfsmanna framkvæmdasviðs.

Útgáfur:

- Kynningarmál vegna gerðar deiliskipulags fyrir þjóðveginn í gegnum Dalvík og Hauganes gætu teygt sig inn á árið 2022.
- Kynningar- og upplýsingagjöf í tengslum við smávirkjun í Brimnesá.
- Loftslagsstefna Dalvíkurbyggðar fari í kynningu meðal starfsmanna sveitarfélagsins og seinna til allra íbúa.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Unnið að innleiðingu Loftslagsstefnu Dalvíkurbyggðar með öðrum fagsviðum og stofnunum sveitarfélagsins.
- Horft verði til þess að taka heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna með í alla þætti í starfsemi sveitarfélagsins.

5.2 NÝ VERKEFNI OG VERKEFNI Í SÍVINNSLU INN Á ÁRIÐ 2022:

Stefnumörkun og stjórnsýsla:

- Að veita íbúum, sveitarstjórnarmönnum og öðrum viðskiptamönnum vandaða og skjóta afgreiðslu vegna mála sem eru til meðferðar hjá sviðinu.
- Að öll mál sem koma til meðferðar á sviðinu séu skráð í skjalavörslukerfi, ásamt upplýsingum um stöðu þeirra í samræmi við skjalavörslureglur
- Samþykktir og reglur er heyra undir framkvæmdasvið endurskoðaðar þegar þörf er á.
- Gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir málaflokka sem heyra undir sviðið.
- Innleiðing Loftslagsstefnu Dalvíkurbyggðar.
- Ytra mat og gæðastjórnun fyrir sviðið verði skoðuð í tengslum við markmiðasetningu sviðsins.
- Áframhaldandi mótun nýs framkvæmdasviðs.
- Markmiðasetning fyrir framkvæmdasvið verði unnið í samvinnu starfsmanna sviðsins.
- Unnið í gera verklagsreglur og ferla skýrari, bæði fyrir starfsmenn sem og íbúa sveitarfélagsins.

Fjármál og rekstur:

- Viðhaldsáætlanir í Hannarr teknar í almenna notkun og nýttar til að áætla viðhalds- og endurnýjunarþörf.
- Unnin verði að viðhalds- og úrbótaáætlun fyrir girðingar í landi sveitarfélagsins fyrir vorið 2022 og leitað leiða til samstarfs við Vegagerðina og Umhverfisstofnun.
- Unnið verði að því að greina hvar gætu myndast samlegðaráhrif milli mismunandi starfsstöðva framkvæmdasviðs, bæði hvað varðar búnað, húsnæði og aðföng, en líka þekkingu og reynslu starfsmanna.

Upplýsingatækni og rafræn stjórnsýsla:

- Haldið áfram að styðja við notkun á OneSystems kerfum og þörfin fyrir mismunandi kerfi endurmetin.
- Áfram unnið að því að gera allar umsóknir sviðsins rafrænar inni á íbúagátt og íbúar hvattir til að nota þann vettvang.
- Unnið í að koma betri og markvissari upplýsingum og leiðbeiningum er varða framkvæmdasvið á heimasíðu Dalvíkurbyggðar
- Kortakerfi Dalvíkurbyggðar verði eftt og gert gagnvirkara.
- Innleiðing á almennri notkun HMS byggingagáttarinnar við umsóknir, útgáfu og eftirliti með byggingaleyfisskildum framkvæmdum.
- Komið verði á fót heildstæðum, hnitsettum korta/hönnunargrunni fyrir starfsmenn sviðsins.

Mannauður:

- Áhættumat; eftirfylgni og endurmat. Slökkviliðsstjóri heldur utan um verkefnið fyrir hönd Dalvíkurbyggðar.
- Mannauðstefna og starfsmannahandbók; innleiðing og eftirfylgni.
- Starfslýsingar og ábyrgð starfsmanna framkvæmdasviðs verði uppfærðar m.t.t. sameiningar umhverfis- og tæknisviðs og veitu- og hafnasviðs árið 2021.
- Komið verði á reglulegum fundum allra starfsmanna framkvæmdasviðs.
- Starfsmenn fái tækifæri til þess að sækja fræðslu til að geta nýtt betur þá tækni og þann búnað sem tengist störfum þeirra.

Fastir viðburðir:

- Fundir í þeim nefndum og ráðum sem undir framkvæmdasvið heyrar.
- Fundir í öðrum nefndum og vinnuhópum.
- Hafnasambandsþing, haldið annað hvert ár eða Hafnafundur þess á milli.
- Ársþing Samorku.
- Ársfundur starfsmanna tæknideilda sveitarfélaga haldinn árlega.
- Starfsdagur starfsmanna Dalvíkurbyggðar.

- Reglulegir fundir starfsmanna framkvæmdasviðs

Útgáfur:

- Reglulegar fréttir af starfsemi sviðsins á heimasíðu Dalvíkurbyggðar
- Brunavarnaráætlun Dalvíkurbyggðar
- Kynningar- og upplýsingagjöf í tengslum við smávirkjun í Brimnesá.
- Greinabetri leiðbeiningar um sorpflokkun og ávinning þess að minnka urðun. Upplýsingar er varða sorpmagn í sveitarfélaginu verði gerðar aðgengilegar íbúum.
- Kynningarmál vegna endurskoðunar Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar, en stefnt er að því að skipulagstillaga verði auglýst á vordögum 2022.
- Ýmsar auglýsingar og upplýsingagjöf vegna deiliskipulagsmála.
- Loftslagsstefna Dalvíkurbyggðar verði kynnt íbúum á árinu 2022. Unnið verði að því að gera losunartölur opinberar og uppfæra reglulega svo íbúar geti fylgst með.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum
- Fjölmening; unnið áfram að sameiginlegu verkefni með öðrum sviðum
- Umferðaröryggisáætlun endurskoðuð reglulega í samráði við önnur svið
- Endurskoðun Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar
- Unnið að því að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verði leiðarljós við alla stefnumótun sveitarfélagsins
- Unnið að innleiðingu Loftslagsstefnu Dalvíkurbyggðar

6. GREINARGERÐ UM BREYTINGAR OG NÝMÆLI

Framkvæmdasvið tók til starfa um mitt ár 2021 og því ekki mikil reynsla komin á starfsemi þess þó það byggi í grunninn á fyrri sviðum; umhverfis- og tæknisviði og veitu- og hafnasviði.

Vinna þarf markvisst að því að þessi sameining takist sem best og að starfseiningar þess vinni sem ein heild. Markmiðasetning og skýr stefnumótun eru grunnur þess að starfið verði sem best og skilvirkast. Æskilegat er að stefnumótun og öll markmiðasetning verði unnin í samvinnu við alla starfsmenn sviðsins.

6.1 STARFSEMI OG SKIPULAGNING

- Skilgreina betur ábyrðasvið starfseininga og starfsmanna.

6.2 STARFSMANNAMÁL:

- Ýta undir samstöðu og samvinnu innan sviðsins.
- Vinna þarf að því að skapa svigrúm fyrir starfsmenn að sækja nám og endurmenntun.

7. LYKILTÖLUR/MÆLIKVARÐAR

8. ÞRIGGJA ÁRA ÁÆTLUN

Forsendur

- Búið er að skipa starfshóp sem á að vinna þarfagreiningu fyrir framtíðarfyrirkomulag Slökkviliðs Dalvíkur en ljóst er að núverandi húsnæði uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til slökkvistöðva. Einnig er orðið brýnt að endurnýja slökkvibíl og búnað honum tengdum.
- Endurskoðun Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar á að ljúka vorið 2022. Gert er ráð fyrir að auknu fjármagni verði veitt í deiliskipulagsgerð, ma. Fyrir nýtt íbúðahverfi á Dalvík, iðnaðar- og athafnasvæði og hafnarsvæðið á Árskógssandi.
- Gera þarf ráð fyrir innviðauppbyggingu í nýju hverfi á Dalvík, veitur og götur.
- Í tengslum við lagningu nýs jarðstrengs Landsnets milli Akureyrar og Dalvíkur er gert ráð fyrir stígagerð meðfram lagnaleiðinni. Áætlað er að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði við gerð stígsins, en framkvæmdatíminn er 2023-2025.
- Endurnýjun á götulýsingu í sveitarfélaginu heldur áfram út árið 2023, en þá á heildarendurnýjun að vera lokið.
- Tengibygging milli áhaldahúss og veituhúss við Sandskeið er verkefni sem talið er að geti aukið notagildi og samlegð í starfsemi Veitna Dalvíkurbyggðar og Eigna- og framkvæmdadeildar. Áætlaður framkvæmdatími er 2024-2025.

Ár:	2022	2023	2024	2025
Lýsing á breytingum, viðbótum, verkefni sem detta út:				
Rekstur:				
Yfirtaka á rekstri götulýsingar	3.000	3.000	3.000	3.000
Endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins	6.000			
Leit að heitu vatni í Skíðadal og Svarfaðardal				
Kaup á búnaði í nýjan slökkvibíl	30.000	1.000		
Efnahagur:				
Nýframkvæmdir gatna	55.000	60.000	65.000	65.000
Endurnýjun á götulýsingu í sveitarfélaginu	16.000	16.000		
Endurnýjun á leiktækjum opinna leiksvæða	5.000	5.000	5.000	
Gerð göngu/hjólastígs meðfram Dalvíkurlínu Landsnets		6.000	20.000	15.000
Útiæfingasvæði	2.000	2.000	1.000	
Dæluskipti á Bakkaeyrum				
Klára uppsetningu hreinsistöðva á Hauganesi og Árskógssandi				
Tengibygging áhalda- og veituhúss				
Ný slökkvistöð				

Bjarni Daníel Daníelsson
Sviðsstjóri framkvæmdasviðs Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð 11.10.2021